

## Hríseyjarhreppur

Afhending 2020/45

Hrísey er næst stærsta eyjan við Ísland og er um það bil á miðjum Eyjafirði. Hún er um 7 kílómetrar að lengd en 2.5 km á breidd þar sem hún er breiðust en mestur hluti hennar er mun mjórri en það. Flatarmál eyjunnar er um 8 ferkílómetrar.

Talið er að byggð hafi verið í eyjunni síðan á landnámsöld en í Landnámu er talað um að Narfi Þrándarson hafi numið eyjuna fyrstur manna. Meðal elstu bæjarheita í Hrísey eru Syðstibær og Yztibær. Lítið þorp byggðist upp í landi Syðstabæjar í byrjun 20. aldar, í tengslum við síldarveiði Norðmanna í Eyjafirði.

Árið 1975 var opnuð einangrunarstöð fyrir holdanaut í eyjunni. Á tímabili voru naut af Galloway kyni ræktuð í Hrísey og kjötið af þeim var mjög vinsælt. Árið 1989 var einnig opnuð einangrunarstöð fyrir gæludýr en öll starfsemi þessara stöðva var lögð niður árið 2015.

Í Hrísey er góð bryggja sem var endurbyggð árið 1963 og hefur sjávarútvegur lengst af verið aðalatvinnuvegur íbúanna í þorpinu. Á 21. öld hefur einnig verið rekið hótél, kaffihús, verslun, íþróttamiðstöð og sundlaug en erlendum ferðamönnum hefur fjölgað töluvert.

Hrísey tilheyrði Árskógshreppi til ársins 1931 en það ár var Hríseyjarhreppur stofnaður, sem sérstakt sveitarfélag. 1928 var byggð kirkja í Hrísey en prestsetur var ekki í Hrísey fyrr en 1952 en fram að því þjónaði presturinn á Völlum Hríseyjarsókn. Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ 1. ágúst 2004 en kosningar um sameininguna fóru fram 26. júní það sama ár.

Íbúum í Hrísey fækkaði mikið á seinni hluta 20. aldar. Flestir voru íbúar í eyinni árið 1944, 383 talsins, en hefur fækkað jafnt og þétt síðan þá. Árið 2019 bjuggu 167 manns í Hrísey.

Helsta samgönguleiðin milli lands og eyjar er Hríseyjarferjan sem hefur verið starfrækt samfleytt frá árinu 1943 en með ýmsum breytingum þó.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 96, 109, 123, 286, 397, 542, 964, 1119, 2007/55, 2007/76, 2008/35, 2009/31, 2009/79, 2010/82 og 2015/6.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
20. janúar 2021

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

2020 / 45

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

## A-Yfirstjórn

## AD-Ýmislegt frá sveitarstjóra og öðrum

1989 - 2009

AD	21	1	2009 - 2009	Umsókn um starfsleyfi vegna 1000 tonna kræklingaræktar í Eyjafirði 9. febrúar 2009 - Greinargerð - Starfsleyfistillaga fyrir Norðurskel ehf. - Ýmis kort af svæðinu Samkomulag um váttryggingar milli Hríseyjarhrepps og Váttryggingafélags Íslands hf. 4. júlí 2001
AD	21	2	2000 - 2000	ÚTEY, samstarf sveitarfélaga við utanverðan Eyjafjörð – Handbók skólamála; B-hluti – Hríseyjarhreppur - Lýsing á handbók - Samstarf ÚTEY - Sameiginlegar vinnuleiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsmenn við skóla og þjónustu við börn og ungmenni - Erindisbréf og starfslýsingar skólamála í Hríseyjarhreppi - Erindisbréf og starfslýsingar fyrir starfsmenn grunnskóla í Hríseyjarhreppi
AD	21	3	2000 - 2000	ÚTEY, samstarf sveitarfélaga við utanverðan Eyjafjörð – Handbók skólamála; C-hluti – Hríseyjarhreppur - Verkaskipting aðila (stytt) - Markmið með skilgreiningu erindisbréfa, starfslýsinga og vinnuleiðbeininga - Ýmsar stefnur varðandi vinnubrögð og aðgerðir - Til ýmissa sérfræðinga frá skólastjóra - Til umsjónarkennara/skólastjóra vegna agabrots
AD	21	4	1989 - 1989	Íbúaskrá 1. desember 1994 Íbúaskrá Eyjafjarðarsýslu 1. desember 1989 – Hagstofa Íslands, Þjóðskrá 1990 - Upplýsingar á skránni - Táknmál Þjóðskrárinnar – útdráttur - Staðartáknölur - Táknölur sveitarfélaga - Táknölur ríkisborgararéttar og fæðingarstaðar erlendis

## B-Bókhald

## BA-Ársreikningar og fjárhagsáætlanir

1990 - 1997

BA	9	1	1990 - 1991	Ársreikningar 1990; sundurliðun ársreiknings 1991
BA	9	2	1992 - 1992	Ársreikningar 1992; sundurliðun ársreiknings 1992
BA	9	3	1994 - 1995	Ársreikningar 1994; sundurliðun ársreiknings 1994; ársreikningar 1995
BA	9	4	1996 - 1996	Ársreikningar 1996; sundurliðun ársreiknings 1996
BA	10	1	1997 - 1997	Ársreikningar 1997; sundurliðun ársreikninga 1997